

A 1742/tillväxt**Afgreiðsla:** Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um
þingmannatillögu
um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og starfsréttindum á hliðstæðum starfssviðum

Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að gerður verði samningur um að löndin viðurkenni sjálfkrafa æðri menntun hvert annars, svipað og samkvæmt sömu meginreglum og sambærilegir samningar, sem gerðir hafa verið í Ráðherranefnd Eystrasaltsríkjanna og hjá Sambandi Benelúxlandanna;

að Norræna ráðherranefndin kanni viðhorf Ráðherranefndar Eystrasaltsríkjanna og Benelúxsambandsins til þess að gera samning um sjálfkrafa viðurkenningu æðri menntunar milli Norðurlandanna, Benelúxlandanna og Eystrasaltsríkjanna;

að Norræna ráðherranefndin, rétt eins og Ráðherranefnd Eystrasaltsríkjanna og Benelúxsambandið, kanni hvernig koma megri á kerfi fyrir sjálfkrafa viðurkenningu, einnig á starfsréttindum í lögvernduðum starfsgreinum;

að Norræna ráðherranefndin þrúi leiðir í samráði við fagsamtök á Norðurlöndum til þess að koma á viðurkenningarferli sem nær einnig til starfsréttinda í greinum sem háðar eru leyfum fagsamtaka.

Bakgrunnur

Með sjálfkrafa viðurkenningu á menntun og starfsréttindum fólks á hliðstæðum starfssviðum mætti ryðja alvarlegum stjórnsýsluhindrunum úr vegi á Norðurlöndum. Auðveldara yrði í raunhæfnimati auðveldara að horfa fram hjá því sem ólíkt er auk þess sem hagræðing í stjórnsýslu og atvinnuþátttak myndi aukast.

Vandamálið er að reglur í löndunum um umræddar starfsgreinar er oft ólíkar. Menntun stenst kannski kröfur í einu landi en ekki annars staðar á Norðurlöndum.



Nú eru það á höndum yfirvalda að meta menntun og starfsreynslu umsækjenda út frá lögvernduðum starfsgreinum í landinu. Yfirvöld geta farið fram á að umsækjandi afli sér frekari menntunar eða starfsreynslu.

Kröfurnar geta orðið það miklar og málsmeðferðin flókin og seinvirk að jafnast á við synjun.

Ef við tökum aðeins Svíþjóð og Danmörk sem dæmi þá koma flókin raunfærnimatsferli í veg fyrir að um 25 þúsund einstaklingar geti sótt vinnu yfir Sundið. Þetta kemur fram í skýrslu sem Damvad Analytics vann árið 2017, „Samhällsekonomisk analys av gränshinder. Kostnader för Greater Copenhagen“.

Damvad Analytics skrifar enn fremur að „ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á bætt ferli við raunfærnimat skapi þjóðarhagslegan ávinning“. Í skýrslu Svenskt Näringsliv (2016) er greint frá því hvernig tvær tillögur um að hraðara raunfærnimat á erlendu vinnuafli gætu aukið framleiðni í Svíþjóð um 350 m. SEK og skatttekjur um 200 m. SEK. Tilviksrannsókn sem Copenhagen Economics gerði árið 2012 sýnir að með því að samræma matskröfur og fækka öðrum hindrunum á vinnumarkaði mætti skapa 700 störf á svæðinu í heild og auka ávinning samfélagsins um 300–400 m. DKK á ári.“

Álit nefndarinnar

Nefndin tekur vel í tillögu flokkahóps miðjumanna, en bendir á að greina þurfi á milli (æðri) menntunar og starfsréttinda. Þá þurfi að greina á milli starfsréttinda í lögvernduðum starfsgreinum og starfsgreinum sem háðar eru leyfum viðkomandi fagsamtaka. Löndin/löggjafarvaldið geta haft afar lítil áhrif á seinni hópinn en geta að sjálfsögðu beitt þrýstingi eða átt valfrjáls samtöl við fulltrúa viðkomandi fagsamtaka.

Á árinu 2016 átti Stjórnsýsluhindranaráð Norrænu ráðherranefndarinnar fjölda samtalsfunda við aðila vinnumarkaðarins. Í þeim samtölum kom fram að fulltrúar fagsamtaka höfðu fullan hug á að vinna saman gegn reglum og kröfum starfsgreinanna sem skapa skaðlegar stjórnsýsluhindranir. Byggingariðnaðurinn var nefndur sem hentug atvinnugrein fyrir uppbyggilegar tilraunir í þeim anda. Boltinn er í höndum Norrænu ráðherranefndarinnar (menntamálasviðs).

Varðandi sjálfkrafa viðurkenningu á menntun var gerður samningur á árinu 2018 í Ráðherranefnd Eystrasaltsríkjanna en einnig Benelúxsambandinu um gagnkvæma viðurkenningu á menntun landanna. Í mörg ár hafði raunfærnimat verði flókið ferlið með þörf á viðbótarmenntun sem leiddi til þreytu í kerfinu. Í ljós kom að þrátt fyrir að menntunin væri ólík þá voru gæði sambærilegra menntunar í nágrennalöndunum ásættanleg. Ráðherrarnir gerðu því með sér samning sem byggðist á trausti frekar en eftirliti.

Benelúxsambandið hefur látið í ljós áhuga á að útvíkka samninginn svo hann nái einnig til Eystrasaltsríkjanna og jafnvel Norðurlandanna.



Á sama tíma hefst vinna Eystrasaltsríkjanna að gerð fyrirkomulags fyrir sjálfkrafa viðurkenningu, einnig á starfsréttindum sem háð eru samþykkt viðkomandi fagsamtaka. Vitað er að þetta krefst mikillar vinnu og skapar fleiri vandamál en áhuginn er til staðar í Eystrasaltsríkjunum og Benelúxlöndunum.

Arjeplogsamningurinn, áralangt samstarf Norðurlandanna og gagnkvæmt traust milli landanna renna stöðum undir það álit nefndarinnar að ekki þurfi þung rök fyrir því að Norðurlöndin, rétt eins og Ráðherranefnd Eystrasaltsríkjanna og Benelúxsambandið, geti gert samning byggðan á trausti. Til að byrja með á sviði æðri menntunar en síðar mætti skoða möguleika á að gagnkvæmri viðurkenningu á lögvernduðum starfsréttindum.

Í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um hreyfanleika 2019–2021 stendur að tryggja þurfi „að komið verði á gagnkvæmri viðurkenningu á menntun, starfsréttindum og starfsleyfum, sem feli í sér sjálfkrafa viðurkenningu á sambærileg menntun annars staðar á Norðurlöndum, svo framarlega sem unnt er.

Nefndin fagnar áhuga ráðherranefndarinnar og telur að tillaga Norðurlandaráðs geti ýtt enn frekar undir hann.

Nefndin gerir einnig ráð fyrir að sjálfkrafa viðurkenning á menntun, og síðar einnig starfsréttindum, sé í anda ásetnings ESB. Sú staðreynd að Ráðherranefnd Eystrasaltsríkjanna tókst að ná samkomulagi um þetta á árinu 2018 getur til kynna að engar réttarfarslegar hindranir af hálfu ESB séu fyrir því að Norðurlöndin geri slíkt hið sama.

Til þess að tryggja breiðan stuðning við tillöguna sendi norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin nefndarálitið til umsagnar hjá norrænu þekkingar- og menningarnefndinni. Þekkingar- og menningarnefndin afgreiddi málið á fundi sínum í júní 2019 og ákvað að styðja tillöguna að nefndaráliti. Norræna þekkingar- og menningarnefndin benti einnig á mikilvægi þess að skýra betur hvaða prófskirteini eru nú þegar viðurkennd sjálfkrafa (til að mynda vegna Arjeplogsamningsins) og að fagsamtökin kæmu að þeim þáttum sem varða starfsgreinar sem eru háðar samþykki þeirra.

Helsinki, 3. september 2019

Eveliina Heinaluoma (sd)
Freddy André Øvstegård (SV)
Helge André Njåstad (FrP)
Heli Järvinen (grænum)
Joakim Strand (sv)
Juhana Vartiainen (saml)
Linda Ylivainio (C)
Lulu Ranne (saf)

Maria Nilsson (L)
Mikael Staffas (Lib)
Nils Aage Jegstad (H)
Pyry Niemi (S)
Ruth Mari Grung (A)
Solveig Sundbø Abrahamsen (H)
Stein Erik Lauvås (A)
Torhild Bransdal (KrF)